

LISTIR



Sýningarspjald úr Humar eða frægð – Smekkleysa í 16 ár.

Þrjár nýjar sýningar í Listasafni Reykjavíkur

LISTASAFN Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, tekur stakkaskiptum í kvöld þegar þar verða opnaðar þrjár nýjar sýningar sem eru hver annarri ólíkari þó allar beri þær með sér alþjóðlegan blæ. Humar eða frægð – Smekkleysa í 16 ár er sýning þar sem blandað er saman tónlist, ljósmyndum, kvikmyndum og texta frá Smekkleysu. Sýningin stendur til 31. ágúst en allt sýningartímabilið verða sýnd myndbönd í fjölnota sal Hafnarhússins sem tengjast Smekkleysu og þeirra liðsmönnum á einn eða annan hátt. Við opnunina fá gestir forsmekkin af þeim fjölbreyttu viðburðum sem boðið verður upp á í sumar en þá stíga á svið Sjón, Einar Örn, Bragi Ólafsson og Curver. Sýningargerð er í höndum Ólafs Engilbertssonar.

Önnur sýningin nefnist Innsýn í alþjóðlega samtímalist á Íslandi

og er ætlað að veita innsýn í erlenda samtímalist í eigu íslenskra listasafna, einkasafna og einstaklinga, en sýnir þó aðeins lítið brot af þeirri erlendu samtímalist sem finna má hér á landi. Það er myndlistarmaðurinn Ingólfur Arnarsson sem velur verkin á sýninguna en það gerir hann einkum út frá tengslum viðkomandi listafólks við Ísland. Sýningin stendur til 7. september.

Þriðja sýningin er ný þemasýning úr Erró-safneigninni og ber heitið Erró – Stríð, en sýningin gefur innsýn í öll helstu viðfangsefni listamannsins á hinum pólitíska vettvangi. Deildarstjóri safna- og sýningardeildar Listasafns Reykjavíkur, Þorbjörg Gunnarsdóttir, velur verkin á sýninguna.

Nánari umfjöllun verður um sýningarnar í Lesbók Morgunblaðsins á morgun.

Grámosinn á ítölsku

BÓKIN Grámosinn glóir eftir Thor Vilhjálmsson var gefin út á ítölsku nú á dögum af ítalska forlaginu Iperborea. Í tengslum við útgáfu bókarinnar var sett upp sýning á vatnslita- og kirtarteikningum Thors í Arte' Grafica-stúdíóinu í Asti á Ítalíu, en myndirnar eru allar sagðar tengjast íslenskrí náttúru. Í tengslum við útgáfu bókar Thors verður 17. júní, þjóðhátíðadagur Íslendinga, einnig tilefni til hátíðarhalda í Asti. Hátíðarhöldin munu þó falla á laugardaginn 21. júní og hefur öllum Íslendingum búið á Ítalíu verið boðið að taka þátt, en meðal viðburða þar er leiðsögn um sýningu Thors og tónleikar með Álfheiði Hönnu Friðriksdóttur söngkonu.

Kórstefna við Mývatn

Föstudagur

Skjólbrekka kl. 20.30 Kór-tónleikar: Kórar Reykjavíklíðarkirkju og Skútustaðakirkju. Stjórnandi Valmar Völjaots. Píanoleikari Jaan Alavere. Kór Húsavíkurkirkju. Stjórnandi Judit György. Píanoleikari Aladár Rácz. Kvinnakór Akureyrar. Stjórnandi Björn Leifsson.

Laugardagur

Gamlibærinn. Fjórliðin sungin á síðkvöldi.

Sunnudagur

Skjólbrekka kl. 15 Lokatónleikar. Hátíðarkór Kórastefnunnar. Stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson. Einsöngur: Margrét Bóasdóttir, sópran. Píanoleikari Aladár Rácz. Kór Glerárkirkju. Stjórnandi er Hjörtur Steinbergsson. Píanoleikari Daníel Þorsteinsson.



Listasumar á Sólheimum í Grímsnesi

Laugardagur

Ingustofa Sólheima Sumarsýning. Að þessu sinni er það leirgerð Sólheima sem sýnir afkrakstur vinnu sinnar. **Íþróttaleikhús Sólheima kl. 16** Leikfélag Sólheima sýnir leikritið Í meðbyr og mótbyr, baráttusaga Sesselju Sigmundsdóttur. Leikstjóri Edda Björgvinsdóttir.

Kaffihúsið Græna kannan kl. 17 Óvænt tónlistarupp-ákoma.

Útimarkaður opnaður kl. 13 Í boði eru listmunir og lífrænt ræktað grænmeti. Þema: Lego-sýning Árna Alexanders.

Sunnudagur

Kaffihúsið Græna kannan kl. 16 Sumarkabarett. Tónlistarævintýrið „Það sem vest-anvundur sá“ eftir Árna Harðarson tónskáld. Flytjendur eru Harpa Arnardóttir leikkona, Kristinn Arnason gítarleikari og Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari.

Afríka kl. 17 Dans- og tónlistarverkefni ungra Evrópubúa sem hafa verið sjálfbodaliðar í Afríku.

Útimarkaðurinn opnaður kl. 13.

Í DAG

Hilmir Guðmundsson er með yfirlitssýningu á ljósmyndum sínum í Gömlu Borg í Grímsnesi. Opíð 14–22 virka daga, 14–2 á laugardögum og 14–22 á sunnudögum.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is

HVITA HÚSID / SÍA



„Ég nýt þess að grilla hann“



Camembert á fiskinn

Í grillsósuna: Gráðaostur

Yrja með svínakjötinu

Á hamborgarann: Grillostur

Rjómaostur í bökuðu kartöfluna og sósuna



www.ostur.is



Íslenskir ostar - hreinasta afbrigð